um breyting á útreikningi kaupgreiðsluvísitölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

Við ákvörðun Kauplagsnefndar á kaupgreiðsluvísitölu frá 1. marz 1973 og eftirleiðis skal nefndin hverju sinni færa vísitöluna niður um eitt stig vegna aukinnar opinberrar tannlæknaþjónustu.

2. gr.

Við útreikning Kauplagsnefndar á kaupgreiðsluvísitölu fyrir marz—maí, júní—ágúst og september—nóvember 1973 skal eigi taka tillit til þeirrar vísitöluhækkunar, sem leiðir af verðhækkun áfengis og tóbaks hinn 20. desember 1972.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 1. gr. frv. er lögð til breyting á útreikningi kaupgreiðsluvísitölunnar vegna aukinnar opinberrar tannlæknaþjónustu, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir, og verða tillögur hennar í því efni lagðar fyrir Alþingi nú þegar. Ráðgert er að verja úr ríkissjóði sem svarar 100 millj. kr. á ársgrundvelli í þessu skyni. Með hliðsjón af þessu og með tilliti til þess, að opinber framlög til tannlæknaþjónustu í þágu almennings hafa verið aukin á seinni árum, án þess að það hafi komið fram í framfærsluvísitölu og þar með kaupgreiðsluvísitölu, er talið sanngjarnt, að kaupgreiðsluvísitalan verði framvegis — við útreikning hennar hverju sinni — færð niður um eitt vísitölustig. Þess má geta, að tannlækningaliðurinn í vísitölunni nemur nú sem svarar rúmlega 1,3 stigum í kaupgreiðsluvísitölu.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að verðhækkun sú, er varð á áfengi og tóbaki í desember s. l., verði ekki látin koma fram í kaupgreiðsluvísitölu á tímabilinu 1. marz—30. nóvember 1973. Verðhækkun þessi var um 30% á áfengi og um 23% á tóbaki. Eins og útreikningi kaupgreiðsluvísitölu er nú háttað veldur þetta tæplega 1,8 stiga hækkun hennar frá og með 1. marz 1973 (0,9 stig vegna hækkunar áfengisverðs, og önnur 0,9 stig vegna hækkunar tóbaksverðs). — Áætlað er, að þessi verðhækkun færi ríkissjóði 420 millj. kr. tekjuauka á árinu 1973.

Með tilliti til þess, að hér er um að ræða verðhækkun á munaðarvörum, og að aðalástæða hennar er tekjuöflun til að standa undir útgjöldum vegna niðurgreiðslu á lífsnauðsynjum almennings, getur það ekki talizt eðlilegt, að þessar verðbreytingar verði til þess að hækka kaupgjald í landinu. Almennur skilningur mun vera á því, að verðhækkanir af þessu tagi eigi ekki að leiða til hækkunar á verðlagsuppbót, og má telja, að þessi skilningur hafi farið vaxandi. Þá má og minna á, að í verðstöðvunarlögum, nr. 94/1970, var ákvæði um, að tiltekin hækkun á útsöluverði áfengis og tóbaks skyldi ekki hafa áhrif á kaupgreiðsluvísitölu.

Í greinargerð með ýmsum fyrirætlunum til lausnar aðsteðjandi efnahagsvanda, sem ríkisstjórnin lagði í síðasta mánuði fyrir kjaramálaráðstefnu Alþýðusambands Íslands, var lagt til, að umrædd verðhækkun áfengis og tóbaks yrði ekki látin koma fram í kaupgreiðsluvísitölu. Kjaramálaráðstefnan taldi sig skorta umboð til að taka afstöðu til þessa máls, en þó að hún hefði fyrir sitt leyti fallizt á þessa breytingu, hefði málið ekki náð fram að ganga án lagasetningar. Ríkisstjórnin er sem fyrr þeirrar skoðunar, að miklu skipti, hvað ræðst í þessu máli. Hafi þörf verið mikil á að spyrna við fótum og hindra frekari víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, hefur hún án efa aukizt vegna válegra atburða, sem síðar hafa komið til. Ríkisstjórnin telur rétt og eðlilegt, að þetta mál sé látið koma til meðferðar Alþingis, þannig að úr því fáist skorið, hvort meiri hluti er fyrir framgangi þess eða ekki.

Með hliðsjón af því, að núgildandi kjarasamningar renna flestir út á hausti komanda er gildistími ákvæða 2. gr. takmarkaður við tímabilið 1. marz til 30. nóvember 1973. Í þessu felst það, að verði ekki kveðið öðru vísi á í kjarasamningum næsta haust, kemur umrædd verðhækkun áfengis og tóbaks fram í kaupgreiðsluvísitölu 1. desember 1973. Hér er því aðeins um að ræða frestun, en hún er ráðgerð í þeirri von, að í næstu kjarasamningum náist samkomulag um, að hækkun á verði áfengis og tóbaks verði framvegis ekki látin hafa áhrif á kaupgreiðsluvísitölu.